


Viðauki B



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Alþjóðlegur verðsamanburður og innlend verðþróun á
smásöllumarkaði fyrir farsímaþjónustu á Íslandi**

5. febrúar 2007

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
1 AÐFERÐAFRÆÐIN	3
2 ALÞJÓÐLEGUR VERÐSAMANBURÐUR Á FARSÍMAÁSKRIFTUM OG KORTUM	5
2.1 ALÞJÓÐLEGUR VERÐSAMANBURÐUR Á FARSÍMAÁSKRIFTUM	5
2.2 ALÞJÓÐLEGUR VERÐSAMANBURÐUR Á FYRIRFRAM GREIDDUM FARSÍMAKORTUM.....	6
3 INNLENDUR VERÐSAMANBURÐUR	8
3.1 INNLENDUR VERÐSAMANBURÐUR Á FARSÍMAÁSKRIFTUM	8
3.2 INNLENDUR VERÐSAMANBURÐUR Á FYRIRFRAM GREIDDUM FARSÍMAKORTUM	11
4 NIÐURSTÖÐUR	13

1 Aðferðafræðin

1. Verðrannsókn á farsímaþjónustu á smásölumarkaði byggir á mismunandi hringimynstri notenda og stýðst við aðferðafræði sem þróuð var af OECD og Teligen Ltd og var birt í júlí 2002.¹

2. Aðferðafræðin felst í því að búnar eru til þrjár verðkörfur sem allar innihalda kostnað vegna stofngjalds eða skráningargjalds að einum þriðja, þ.e. dreift á þriggja ára tímabil, mánaðargjald og önnur gjöld sem kunna að fylgja áskrift eða áskriftartilboði og tiltekin fjölda SMS á mánuði. Þessar þrjár verðkörfur byggjast á eftirfarandi:

- Lítil notkun þar sem miðað er við 25 úthringingar og 30 SMS á mánuði.
- Meðal notkun þar sem miðað er við 75 úthringingar og 35 SMS á mánuði.
- Mikilli notkun þar sem miðað er við 150 úthringingar og 42 SMS á mánuði.

3. Að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem fjarskiptafyrirtæki lögðu til um hringimynstur notenda kom fram að lítil munur væri á meðal notkun á fyrirframgreiddum kortum og lítil notkun á áskriftum. Lítil notkun getur þar af leiðandi tilheyrt bæði fyrirframgreiddum kortum og áskriftum og gefið einfaldan verðsamanburð milli þeirra.

4. Í framangreindri aðferðafræði er greint á milli símtala í fastlínusíma og farsíma með eftirfarandi hætti:

- Staðbundin símtöl í fastlínusíma: Hér eru skilin frá símtöl sem hafa önnur gjöld fyrir staðbundin svæði. Þegar það á ekki við, eins og hér á landi, er þessi hluti talin með símtölum í fastanet sem tilheyra gjaldskrá fyrir landið allt.
- Símtöl í fastlínusíma um landið allt: Hér er átt við símtöl utan staðbundinna svæða, þ.e. undanskilin eru tilfelli eins og fram koma í fyrri lið að framan.
- Símtöl innan sama farsímanets: Hér átt við öll símtöl í og úr farsíma hjá sama farsímafyrirtæki.
- Símtöl í önnur farsímanet: Hér er átt við öll símtöl í önnur farsímanet en hringt er úr innan sama lands. Þegar verð eru ólík eftir því í hvaða farsímanet hringt er í þá er markaðshlutdeild eftir áskriftum notuð til að taka tillit áhrifa þess á verð. Tekið er mið af allt að þremur farsímanetum í hverju landi.

5. Skv. aðferðafræðinni er hlutfall símhringinga skipt í samræmi við eftirfarandi:

Hlutfall símhringinga	Staðbundið í fastlínu	Landið allt í fastlínu	Sama net	Annað net
Lítill notkun	28%	14%	40%	18%
Meðal notkun	24%	12%	43%	21%
Mikil notkun	26%	14%	42%	18%

¹ Um er að ræða verðkörfur sem byggja á aðferð sem samþykkt var á fjölmennu málþingi í London þann 21. október 2001. Þátttakendur voru fulltrúar aðildarlanda OECD (Organisation for Economic Co-operation and Development) og frá eftirlitsstofnunum og fjarskiptafyrirtækjum. Verðkörfur sem fram koma hér byggja á meðaltölum eða niðurstöðum upplýsinga sem fulltrúar lögðu til á málþinginu og öðrum upplýsingum sem OECD kallaði til.

6. Þar sem þær upplýsingar sem fengust gáfu litla vísbendingu um hlutfall staðbundinna símtala og símtala um land allt í fastlínu var ákveðið að hlutfall þar á milli skyldi nema 2:1 fyrir staðbundin símtöl, þ.e. 67% staðbundin og 33% landið allt. Þessi ákvörðun um meðaltal á símtölum í fastlínu er tekin vegna takmarkaðra upplýsinga sem fengust um þennan þátt. Það skal þó áréttað að verð á símtölum á Íslandi skiptast ekki eftir landsvæðum og á þessi liður því ekki við hér á landi. Fyrir slík tilfelli er hlutfall símhringinga í fastanet fyrir litla notkun 42%, fyrir meðal notkun 36% og fyrir mikla notkun 40%.

7. Í stað þess að skipta símtölum á ólíka tíma dags og vikudaga var eftirfarandi nálgun notuð:

- Símtöl á dagtaxta á virkum dögum.
- Símtöl á kvöldtaxta á virkum dögum.
- Símtöl um helgar.

8. Hlutfallsleg skipting símtala eftir tíma fyrir hvern notendahóp er eftirfarandi:

Hlutfall símtala	Dagur	Kvöld	Helgi
Lítill notkun	38%	35%	27%
Meðal notkun	47%	30%	23%
Mikil notkun	63%	22%	15%

9. Aðferðafræðin tekur mið af lengd símtala í samræmi við eftirfarandi:

Fjöldi mínútna á símtal	Fastlína landið allt	Farsími sama net	Farsími annað net
Lítill notkun	1,6	1,4	1,4
Meðal notkun	2,1	1,9	1,9
Mikil notkun	2,2	2,0	2,1

10. Öll inneign á mínútum innifalin í mánaðargjaldi er dregin frá notkun áður en útreikningur á kostnaði fyrir notkun er gerður. Frádráttur getur ekki verið meiri en eiginleg notkun, þ.e. neikvæð tímanotkun er ekki tekin til greina og enginn tilflutningur á ónotaðri inneign yfir á næsta mánuð á sér stað.

11. Allar innifaldar mínútur eru dregnar frá notkun áður en útreikningur á kostnaði fyrir notkun er gerður. Innifaldar mínútur eru taldar vera notaðar með sama hringimynstri og fram kemur í forsendum um verðkörfu, þ.e. sama dag/kvöld hlutfall og sama dreifing símtala á móttökusvæði. Í þeim tilfellum sem mínútur eru sannarlega heimfærðar á tiltekin móttökusvæði eða tíma dags er tekið tillit til þeirra. Enginn tilflutningur á ónotuðum mínútum á sér stað.

12. Öll SMS skeyti innifalin í áskriftum eru dregin frá notkun áður en útreikningur á kostnaði fyrir SMS er gerður. Tekið er tillit til mismunandi áskrifta hjá fjarskiptafyrirtækjum og tekið er mið af ódýrasta pakkanum fyrir þrjá ólíka notendahópa (litla, meðal og mikla notkun). Úrtak í hverju landi nær til a.m.k. tveggja fyrirtækja sem eru með flesta áskrifendur. Samanlagt eru fyrirtækin með a.m.k. 50% af fjölda áskrifenda.


13. Myndir hér á eftir sýna árlegan kostnaði miðað við mismunandi notkun á farsímaáskriftum milli landa og er borin saman ódýrasti pakkinn. Hringimynstur og notkun fer eftir skilgreiningu OECD og Teligen. Kostnaður er reiknaður í evrum með virðisaukaskatti og aðlagður kaupmætti hvers lands (Purchasing Power Parity eða PPP).

2 Alþjóðlegur verðsamanburður á farsímaáskriftum og kortum

2.1 Alþjóðlegur verðsamanburður á farsímaáskriftum

14 Mynd 1 sýnir samanburð á árlegum kostnaði fyrir farsímaáskrift í löndum OECD miðað við verðskrá í ágúst 2005 og litla notkun. Sjá má að kostnaður á Íslandi er sá sjötti lægsti í löndum OECD en hæstur sé miðað við Norðurlönd.


Mynd 1 Samanburður á árlegum kostnaði af áskriftum miðað við litla notkun



Heimild: Teligen, ágúst 2005

15. Mynd 2 sýnir samanburð á árlegum kostnaði fyrir farsímaáskrift í löndum OECD miðað við verðskrá í ágúst 2005 og meðal notkun. Sjá má að kostnaður á Íslandi er sá áttundi lægsti í löndum OECD en hæstur sé miðað við Norðurlönd.


Mynd 2 Samanburður á árlegum kostnaði af áskriftum miðað við meðal notkun



Heimild: Teligen, ágúst 2005

16. Mynd 3 sýnir samanburð á árlegum kostnaði fyrir farsímaáskrift í löndum OECD miðað við verðskrá í ágúst 2005 og mikla notkun. Sjá má að kostnaður á Íslandi er sá níundi lægsti af löndum OECD en hæstur sé miðað við Norðurlönd.

Mynd 3 Samanburður á árlegum kostnaði af áskriftum miðað við mikla notkun




Heimild: Teligen, ágúst 2005

2.2 Alþjóðlegur verðsamanburður á fyrirfram greiddum farsímakortum

17. Mynd 4 sýnir samanburð á árlegum kostnaði fyrir fyrirfram greidd farsímakort í löndum OECD miðað við verðskrá í ágúst 2005 og litla notkun. Sjá má að kostnaður á Íslandi er sá fjórði lægsti af löndum OECD og er kostnaðurinn einungis hærri í Noregi sé miðað við Norðurlönd.


Mynd 4 Samanburður á árlegum kostnaði af farsímakortum miðað við litla notkun



Heimild: Teligen, ágúst 2005

18. Mynd 5 sýnir samanburð á árlegum kostnaði fyrir fyrirfram greidd farsímakort í löndum OECD miðað við verðskrá í ágúst 2005 og meðal notkun. Sjá má að kostnaður á Íslandi er sá fimmti lægsti í löndum OECD og er kostnaðurinn einungis hærri í Noregi sé miðað við Norðurlönd.


Mynd 5 Samanburður á árlegum kostnaði af farsímakortum miðað við meðal notkun



Heimild: Teligen, ágúst 2005.

19. Mynd 6 sýnir samanburð á árlegum kostnaði fyrir fyrirfram greidd farsímakort í löndum OECD miðað við verðskrá í ágúst 2005 og mikla notkun. Sjá má að kostnaður á Íslandi er sá sjötti lægsti og er kostnaðurinn einungis hærri í Noregi sé miðað við Norðurlönd.

Mynd 6 Samanburður á árlegum kostnaði af farsímakortum miðað við mikla notkun



Heimild: Teligen, ágúst 2005.

3 Innlendir verðsamanburður

3.1 Innlendir verðsamanburður á farsímaáskriftum

20. Myndir 7, 8 og 9 sýna verðþróun miðað við ólíka notkun á farsímaáskriftum hjá íslenskum farsímafyrirtækjum þar sem borin er saman ódýrasta áskrift sem í boði er hverju sinni. Verðsamanburður sýnir vísitölupróun kostnaðar á verðlagi hvers árs fyrir hverja skilgreinda notkun þar sem grunnur (ágúst 2002 = 100) miðast við meðal kostnað fyrir tiltekna áskrift eða fyrirframgreidd kort í ágúst 2002. Árleg kostnaðarþróun út frá skilgreiningu Teligen er í þessari skýrslu látin endurspegla verðþróun þar sem forsendur fyrir útreikningi eru þær sömu frá ágúst 2002 en kostnaðarbreytingar frá einum tíma til annars grundvallast eingöngu á verðbreytingum sem eiga sér stað frá þeim tíma. Samanburður á verðum milli Símans og Og Vodafone (áður Íslandssími) miðast við þá áskrift sem ódýrust er hverju sinni fyrir þá notkun sem er til skoðunar. Um er að ræða gjaldskylda þjónustu án tillits til afsláttar eða ókeypis símtala til vina eins og framar greinir.


21. Mynd 7 sýnir samanburð á verði á farsímaáskriftum miðað við litla notkun fyrir tímabilið ágúst 2002 til ágúst 2005. Í ágúst 2002 var verð fyrir þessa notkun hjá Íslandssíma 26,7% hærra en hjá Símanum en var svo 2,3% hærra hjá Og Vodafone í ágúst 2005.

22. Verð hjá Símanum hækkar um 2,5% á tímabilinu. Verðlækkun um 4% varð hjá Símanum frá ágúst til nóvember 2002 en hækkaði frá þeim tíma um 6,2% fram til febrúar 2004. Um 2,4% verðlækkun varð hjá Símanum frá nóvember 2004 til febrúar 2005 en hækkar síðan um 2,7% fram í maí 2005 og er óbreytt í ágúst 2005.

23. Verð hjá Og Vodafone lækkar um 17,5% á tímabilinu. Verðlækkun um 5,5% varð hjá Íslandssíma frá ágúst til nóvember 2002 en hækkaði aftur um 3,1% frá febrúar til maí 2003. Greina má um 4,5% verðlækkun hjá Og Vodafone frá febrúar til maí 2004 og síðan aftur frá maí til ágúst 2004 um 9,6%. Um 2,0% verðlækkun varð

svo hjá Og Vodafone frá nóvember 2004 til febrúar 2005 og helst síðan óbreytt fram í ágúst 2005.

Mynd 7 Verðþróun á farsímaáskriftum miðað við litla notkun




Heimild: Teligen

24. Mynd 8 sýnir samanburð á verði miðað við meðal notkun á farsímaáskriftum fyrir tímabilið ágúst 2002 til ágúst 2005. Í ágúst 2002 var verð miðað við þessa notkun 14,7% hærra hjá Íslandssíma en hjá Símanum en í ágúst 2005 varð það orðið um 3,1% hærra hjá Símanum.

25. Verð hjá Símanum hækkar um 4,7% á tímabilinu. Verð Símans hækkaði innan við 1% frá ágúst til nóvember 2002 og aftur frá febrúar til maí 2003. Þá má greina um 1,6% verðhækkun frá nóvember 2003 til febrúar 2004 og 0,6% verðlækkun frá nóvember 2004 til febrúar 2005 og 3,7% verðhækkun frá febrúar 2005 til maí 2005 en verð helst síðan óbreytt fram í ágúst 2005.

26. Verð hjá Og Vodafone lækkar um 11,4% á tímabilinu. Greina má 2,6% verðlækkun hjá Íslandssíma frá febrúar til maí 2003 og innan við 1% verðhækkun hjá Og Vodafone frá febrúar til maí 2004. Þá lækkaði verð Og Vodafone frá maí til ágúst 2004 um 10,1% en hækkaði um 0,6% frá nóvember 2004 til febrúar 2005 og hélst svo óbreytt fram í ágúst 2005.

Mynd 8 Verðþróun á farsímaáskriftum miðað við meðal notkun




Heimild: Teligen

27. Mynd 9 sýnir samanburð á verði miðað við mikla notkun á farsímaáskriftum fyrir tímabilið ágúst 2002 til ágúst 2005. Í ágúst 2002 var verð fyrir þessa notkun 26,2% hærra hjá Íslandssíma en hjá Símanum og í ágúst 2005 um 5,6% hærra hjá Og Vodafone.

28. Verð hjá Símanum lækkar um 6,4% á tímabilinu. Helstu breytingar eru þær að verð Símans lækkaði um 1,2% frá ágúst til nóvember 2002 en hækkaði síðan innan við 1% frá febrúar til maí 2003 og um 1,8% frá nóvember 2003 til febrúar 2004. Um 10,5% verðlækkun var frá febrúar til maí 2004 og hélst það verð óbreytt til nóvember 2004 en lækkaði síðan innan við 1% í febrúar 2005. Þá hækkar verð Símans á tímabilinu frá febrúar 2005 til maí 2005 um 4,5% og helst síðan óbreytt fram í ágúst 2005.

29. Verð Og Vodafone lækkar um 21,8% á tímabilinu. Um 4,4% verðlækkun varð hjá Íslandssíma frá ágúst til nóvember 2002 og síðan aftur um 4,6% hjá Og Vodafone frá nóvember 2003 til febrúar 2004. Þá má greina 12,2% verðlækkun frá maí til ágúst 2004 og hélst það verð óbreytt fram til nóvember 2004. Um 1,8% verðhækkun varð svo frá nóvember 2004 til febrúar 2005 og síðan var óbreytt verð fram í ágúst 2005.

Mynd 9 Verðþróun á farsímaáskriftum miðað við mikla notkun



Heimild: Teligen

3.2 Innlendum verðsamanburður á fyrirfram greiddum farsímakortum


30. Myndir 10, 11 og 12 sýna verðþróun út frá árlegum kostnaði miðað við litla, meðal og mikla notkun á fyrirfram greiddum farsímakortum hjá íslenskum farsímafyrirtækjum. Borin er saman ódýrasti pakkinn sem í boði er hverju sinni fyrir hverja notkun. Verðsamanburður sýnir vísitölupróun kostnaðar á verðlagi hvers árs miðað við hverja skilgreinda notkun þar sem grunnur miðast við meðalkostnað fyrirtækjanna í ágúst 2002.

31. Mynd 10 sýnir verðþróun á fyrirfram greiddum farsímakortum miðað við litla notkun. Í ágúst 2002 var verð fyrir þessa notkun 2,9% hærra hjá Íslandssíma en hjá Símanum en 4,0% hærra hjá Símanum í ágúst 2005.

32. Verð hjá Símanum hækkar um 6,5% á tímabilinu. Mesta verðlækkunin varð á tímabilinu ágúst til nóvember 2002 en þá lækkaði verðið um 6,2% hjá Símanum sem gekk síðan að hluta til baka frá febrúar til maí 2003 þegar verð hækkaði um 3,1%. Innan við 1% verðhækkun varð frá nóvember 2003 til febrúar 2004 og var síðan óbreytt fram í maí 2005 þegar verð Símans hækka um 9,9%. Verðið hélst svo óbreytt frá maí 2005 til ágúst 2005.

33. Verð hjá Og Vodafone er nánast óbreytt á tímabilinu. Mesta verðlækkun varð frá ágúst til nóvember 2002, eða um 4,7%. Sú lækkun gekk að hluta til baka frá febrúar til maí 2003 með verðhækkun um 1,3%. Þá lækkaði verð innan við 1% frá febrúar til maí 2004 en hækkaði á ný um 1,5% frá nóvember 2004 til febrúar 2005. Þá hækkaði verð fram í maí 2005 um 2,1% og hélst síðan óbreytt fram í ágúst 2005.

Mynd 10 Verðþróun á farsímakortum miðað við litla notkun



Heimild: Teligen


34. Mynd 11 sýnir verðþróun á fyrirfram greiddum farsímakortum miðað við meðal notkun. Í ágúst 2002 var verð fyrir þessa notkun 7,5% hærra hjá Símanum en Íslandssíma en var 5,9% hærra hjá Símanum í ágúst 2005.

35. Verð hjá Símanum hækkar um 9,0% frá ágúst 2002 til ágúst 2005. Greina má þrjár litlar breytingar á verðum Símans frá ágúst 2002 til febrúar 2005. Fyrst er innan við 1% hækkun frá ágúst til nóvember 2002 og aftur frá febrúar til maí 2003. Síðan

lækkaði verðið frá nóvember 2003 til febrúar 2004 um 1,2% og var síðan óbreytt fram í febrúar 2005. Á tímabilinu frá febrúar 2005 til maí 2005 hækkar verð Símans um 9,0% fyrir þessa notkun og er verð síðan óbreytt fram í ágúst 2005.

36. Verð hjá Og Vodafone hækkar um 10,6% á tímabilinu. Verð hækkaði innan við 1% frá ágúst til nóvember 2002 og síðan um 8% frá febrúar til maí 2003. Þá lækkaði verð um 2,8% frá maí til ágúst 2003. Síðan má greina innan við 1% verðlækkun frá febrúar til maí 2004 en það hækkaði svo um 2,5% frá nóvember 2004 til febrúar 2005. Frá febrúar 2005 til maí 2005 hækka verð um 2,8% og er síðan óbreytt fram í ágúst 2005.

Mynd 11 Verðþróun á farsímakortum miðað við meðal notkun




Heimild: Teligen

37. Mynd 12 sýnir verðþróun á fyrirfram greiddum farsímakortum miðað við mikla notkun. Í ágúst 2002 var verð fyrir þessa notkun 16,3% hærra hjá Símanum en hjá Íslandssíma. Í lok tímabilsins var verðið 5,7% hærra hjá Símanum.

38. Verð hjá Símanum hækkar um 1,4% á tímabilinu. Verð Símans lækkaði um 3,2% frá ágúst til nóvember 2002 en hækkaði svo innan við 1% frá febrúar til maí 2003. Þá lækkaði verðið um 3,9% frá nóvember 2003 til febrúar 2004 og hélst síðan óbreytt fram í febrúar 2005. Frá febrúar 2005 til maí 2005 hækkar verð Símans um 8,4% og er síðan óbreytt fram í ágúst 2005.

39. Verð hjá Og Vodafone hækkar um 11,6% á tímabilinu. Helstu breytingar eru þær að verð lækkaði innan við 1% frá ágúst 2002 til febrúar 2003 en hækkaði svo um 8,4% til maí 2003. Þá lækkaði verð Og Vodafone innan við 1% frá febrúar til maí 2004 sem gekk síðan til baka með innan við 2,5% verðhækkun frá nóvember 2004 til febrúar 2005. Frá febrúar 2005 til maí 2005 hækka verð um 1,7% og er síðan óbreytt fram í ágúst 2005.

Mynd 12 Verðþróun á farsímakortum miðað við notkun



Heimild: Teligen

4 Niðurstöður

40. Framangreindur verðsamanburður sýnir að verð á farsímamarkaði hér á landi er frekar lágt í alþjóðlegum samanburði landa innan OECD en hátt sé miðað við nágrannalönd með sambærilegan kaupmátt. Þegar skoðaður er alþjóðlegur samanburður á kostnaði vegna áskrifta þá hefur Ísland í öllum notkunarflokkum farið niður um sæti frá því verðsamanburðurinn var fyrst birtur með drögum að greiningu á markaði 15 í júní 2005 en þá var tekið mið af verðskrá frá febrúar 2005. Mest fór Ísland úr fimmta sæti í það áttunda í samanburði á kostnaði af áskriftum miðað við meðal notkun. Miðað við litla notkun hefur Ísland farið niður um eitt sæti, í sjötta, og miðað við mikla notkun þá fór Ísland niður um tvö sæti, úr því sjöunda í það níunda. Það virðist sem verð hér á landi hafi staðið í stað eða hækkað á meðan verð í öðrum OECD löndum hafa lækkað.

41. Staða Ísland í alþjóðlegum samanburði á kostnaði vegna fyrirfram greiddra korta hefur haldist að mestu leyti frá því drög að greiningu á markaði 15 var birt í júní 2005, en eins og áður segir var tekið mið af verðskrá frá febrúar 2005. Árlegur kostnaður er enn sá fimmti lægsti miðað við meðal notkun hér á landi af löndum OECD en næst hæstur miðað við Norðurlöndin þar sem hann einungis hærri í Noregi. Miðað við litla notkun á fyrirfram greiddum kortum þá hefur Ísland farið niður um eitt sæti, úr þrjú í fjögur, en staðið í stað miðað við mikla notkun.

42. Tekið skal fram að í alþjóðlegum samanburði hér að framan er tekið mið af kaupmætti í hverju landi sem gefur betri viðmiðun en gengi gjaldmiðla sem tekur tillit til svo margra ytri þátta. Þá má einnig benda á að vísitölupróun miðast við verð í íslenskum krónum fyrir gjaldskylda þjónustu án tillits til afsláttarkjara eða hlunninda sem fylgir áskriftum eða fyrirframgreiddum kortum hér á landi sem og í öðrum löndum t.d. frí símtöl í einstök númer.

43. Samanburður á verðum íslensku farsímafyrirtækjanna fyrir áskriftir sýnir að verð hefur verið nokkuð stöðugt frá ágúst 2002 til ágúst 2005. Verð Og Vodafone hefur þó lækkað til móts við verð Símans og var lægra miðað við meðal notkun í ágúst og nóvember 2004 en hefur hækkað eftir það og var í febrúar 2005 nánast það sama og hjá Símanum. Frá þeim tíma hafa verð Símans hækkað upp fyrir verð Og

Vodafone fyrir meðal notkun en er lægra hjá Símanum fyrir litla og mikla notkun í ágúst 2005. Stöðugleiki í verði í öllum notkunarflokkum á áskriftum bendir til að verðsamkeppni á markaði um viðkomandi markhópa hjá fyrirtækjunum sé lítil.

44. Samanburður á verðum fyrir fyrirfram greidd farsímakort sýnir að verð Og Vodafone hefur framan af verið lægra en verð Símans miðað við meðal og mikla notkun. Verð Símans fyrir litla notkun var lægra en hjá Og Vodafone frá ágúst 2002 en verðhækkun á tímabilinu febrúar 2005 til maí 2005 varð til þess að verð fyrir þessa notkun var orðin dýrari hjá Símanum. Verð Símans og Og Vodafone hafa verið nokkuð stöðug á tímabilinu frá ágúst 2002 til ágúst 2005 og hafa verð Og Vodafone hafa hækkað til móts við verð Símans miðað við meðal og mikla notkun. Verð miðað við litla notkun á farsímakortum hafa þróast með svipuðum hætti hjá Símanum og Og Vodafone og hafa þau fylgst að frá ágúst 2002 til febrúar 2005 en meiri verðhækkun hjá Símanum frá febrúar 2005 til maí 2005 varð til þess verð Símans var orðið hærri í lok tímabilsins. Í ágúst 2005 voru verð Símans hærri en verð Og Vodafone í öllum notkunarflokkum fyrir fyrirfram greidd kort og skiptir þar helst máli hækkanir frá því í febrúar 2005.

45. Svo virðist sem fyrirtækin tvö hafi einsett sér að höfða til ákveðna notenda án þess að gera alvarlega atlögu að markhóp hvors annars. Þó má greina skref í þá átt hjá Og Vodafone með verðlækkun miðað við meðal notkun á farsímaáskriftum sem fór undir verð Símans í fyrsta skipti í ágúst 2004 en verðhækkun Símans undir lok tímabilsins varð til þess að verð var orðið herra hjá Símanum en hjá Og Vodafone í maí og ágúst 2005. Verð á áskriftum fyrir litla og mikla notkun hefur nálgast á tímabilinu hjá fyrirtækjunum tveim. Verðþróun á fyrirfram greiddum kortum er nokkuð stöðug á tímabilinu og er verð herra hjá Símanum í ágúst 2005 en hjá Og Vodafone einkum vegna meiri verðhækkunar í lok tímabilsins.